

Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, („seljandi“), og Margrét Kristín T Ingibjargardóttir, kt. 160474-5139, („kaupandi“) (sameiginlega „aðilar“), gera með sér svofellt

## SAMKOMULAG UM RIFTUN

á kaupsamningi, dagsettum 5. október 2022, og afsali, dagsettu 5. október 2022, um fasteignina Klausturhólar C-Gata 4a, Grímsnes- og Grafningshreppi (fasteignanúmer F234-4670 og landeignanúmer L169050), milli aðila þessa samkomulags.

### 1. Almenn.

Aðilar þessa samnings gerðu með sér framangreindan kaupsamning þann 5. október 2022. Verð fasteignarinnar var umsamið kr. 2.290.000. Kaupverð greitt með millifærslu við undirritun kaupsamnings og var afsal gefið út í kjölfarið.

Í ágúst 2023 barst minnisblað frá skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita um breytingar sem vinna þyrfti á deiliskipulagi og útgáfu lóðarblaða vegna þriggja sumarhúsalóða vegna mistaka við lóðarskráningu, þ. á m. umræddrar fasteignar. Í kjölfarið áttu sér stað viðræður milli aðila um tillögur skipulagsfulltrúa, riftun kaupanna og uppgjör vegnar riftunar.

### 2. Riftun á kaupsamningi og afsali

Komist hefur á samkomulag milli aðila um að fallist sé á riftun kaupsamnings og afsals (að kaupin gangi til baka) um fasteignina Klausturhólar C-Gata 4a.

### 3. Afhending og greiðslur.

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í samkomulagi þessu mun kaupandi skila hinni keyptu fasteign til seljanda. Fyrrgreindur kaupsamningur og afsal og ákvæði þeirra verða þá ekki í gildi lengur.

Þar sem kaupandi hefur nú þegar greitt seljanda kaupverðið hafa aðilar komist að samkomulagi um að uppgjör aðila verði með eftirfarandi hætti.

- a) Seljandi greiði kaupanda kr. 2.290.000.
- b) Til viðbótar við greiðslu samkvæmt a-lið greiði seljandi kaupanda kr. 9.154 vegna útlagðs kostnaðar kaupanda vegna fasteignarinnar (fasteignagjöld).
- c) Aðilar skulu rita undir sameiginlega yfirlýsingu um að aflýsa skuli afsali fasteignarinnar (þinglýsingarnúmer 447-X-002591/2022) af fasteigninni Klausturhólar C-Gata 4a. Kaupsamningi aðila var ekki þinglýst á sínum tíma.

- d) Greiðslur samkvæmt a- og b-lið skulu eiga sér stað samhliða undirritun yfirlýsingar samkvæmt c-lið. Greiðslur skulu millifærðar inn á reikning sem kaupandi tiltekur. Kaupandi skal jafnframt afhenda seljanda eignina þegar greiðslur hafa verið inntar af hendi.
- e) Seljandi greiðir gjöld sem kunna að falla vegna þinglýsingar á yfirlýsingu skv. c-lið, þ.á m. stimpilgjöld og þinglýsingagjöld eftir því sem við á, ásamt því að fara með nauðsynleg skjöl til þinglýsingar og annað slíkt.

#### 4. Annað.

Með undirritun samnings þessa lýsa aðilar því yfir að þeir eigi engar frekari kröfur á hendur hvor öðrum vegna nefndra fasteignaviðskipta, fyrir utan þær sem fram koma í samkomulagi þessu.

Efni samkomulags þessa er trúnaðarmál og lýsa aðilar því yfir að þeir muni ekki, án samþykkis hins eða lögbundinnar skyldu, upplýsa nokkurn um efni samkomulagsins sem ekki á aðild að því.

Komi upp ágreiningur milli aðila vegna samkomulags þessa munu aðilar reyna að leysa þann ágreining án atbeina dómstóla. Komi til þess að ágreiningur leysist ekki með samkomulagi aðila skal mál vegna ágreiningsins rekið fyrir héraðsdómi Suðurlands.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu.

Samkomulag þetta er gert í tveimur eintökum og halda seljandi og kaupandi sínu eintaki hvor.

Borg í Grímsnesi 23. janúar 2024,

---

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

---

Margrét Kristín T Ingibjargardóttir

Vottar að dagsetningu, undirritun og fjárræði:

---

---